

Nd.

## 611. Frumvarp til laga

[220. mál]

um ávöxtun fjár tryggingafélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

### 1. gr.

Með tryggingafélögum er í lögum þessum átt við þá, sem tryggingastarfsemi reka hér á landi. Lögin taka þó ekki til:

- a) almannatrygginga,
- b) atvinnuleysistrygginga,
- c) lífeyrissjóða, sem stofnaðir eru með lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt,
- d) Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélagi,
- e) tryggingastarfsemi, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, svo sem sjúkrasjóða stéttarfélagi o. þ. l. Leiki vafi á, hvort tryggingastarfsemi fellur undir ákvæði laga þessara, sker félagsmálaráðherra úr.

### 2. gr.

Tryggingasjóður líftrygginga skal ávaxtaður á eftirfarandi hátt:

- 1) Í ríkisskuldabréfum.
- 2) Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
- 3) Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
- 4) Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem félagsmálaráðherra tilnefnir.
- 5) Í fasteign, sem félagið á og hefur skrifstofur sínar í, svo og í íbúðarhúsum. Fasteignir samkvæmt þessum lið skulu aldrei metnar hærra en sem svarar  $\frac{3}{4}$  húsverðs samkvæmt brunabótamati og  $\frac{3}{4}$  fasteignamatsverðs eignarlóðar.
- 6) Í lánum, tryggðum með veði í tryggingum félagsins, allt að endurkaupsverðmæti þeirra.

Með tryggingasjóði, samkvæmt 1. málsgre. þessarar greinar, er átt við samanlagt verðmæti allra gildra trygginga að viðbættum gjaldföllum tryggingarupphæðum og tilkynntum, en ógreiddum, bónusupphæðum.

### 3. gr.

Fé tryggingafélaga, annað en lífeyrissjóður líftrygginga samkvæmt 2. gr., skal, að svo miklu leyti sem unnt er, ávaxtað samkvæmt ákvæðum 1.—5. töluliðs 2. gr., og jafnan skulu a. m. k.  $\frac{3}{4}$  samanlagðrar verðbréfa- og víxlaeignar vera ávaxtaðir á þann hátt, sem um ræðir í 1., 2. og 4. tölulið 2. gr., og í skuldabréfum sveitarfélaga.

### 4. gr.

Árlega skal verja 25% af ráðstöfunarfé tryggingasjóðs líftrygginga til kaupa á íbúðalánabréfum af Húsnaðismálastofnun ríkisins. Enn fremur getur félagsmálaráðherra ákveðið fyrirfram fyrir eitt ár í senn, að allt að 25% af öðrum verðbréfa- og víxlakaupum tryggingafélaga skuli vera með sama hætti.

Með ráðstöfunarfé samkvæmt þessari grein er átt við hreina aukningu að viðbættum afborgunum og útdregnum bréfum.

Kaupverð bréfa þeirra, sem tryggingafélög kaupa samkvæmt 1. málsgrein, skal miðast við hæstu lögleyfða fasteignalánsvexti á þeim tíma, er kaup fara fram. Skuldabréf með vísitölutryggingu afborgana og vaxta skal þó kaupa við nafnverði.

5. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd skuldabréfakaupa samkvæmt 1. málsg. 4. gr., sem eiga skulu sér stað eigi sjaldnar en missirislega, og hlutast að öðru leyti til um framkvæmd laga þessara.

Verði dráttur á skuldabréfakaupum umfram það, sem heimilt er samkvæmt reglum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. málsg., er ráðuneytinu heimilt að beita sektum, allt að 1% af þeirri fjárhæð, sem vantar á tilskilin kaup fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem drátturinn nemur.

6. gr.

Nú gegna fyrirsvarsmenn tryggingafélags eigi skyldum þeim, sem á þá eru lagðar með lögum þessum, og getur félagsmálaráðherra þá lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

7. gr.

Nú eru í lögum ákvæði um ávöxtun fjár einstakra tryggingafélaga, og skulu þau þá halda gildi sínu að því leyti, sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Nú er fé tryggingafélags við gildistöku laga þessara ekki ávaxtað í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr., og skal þá félagsmálaráðherra veita félaginu frest til að koma þessum málum í lag. Lengd frestsins skal ákveða með hliðsjón af samsetningu verðbréfaeignar við gildistöku laganna, enda skuldbindi félagið sig til að fylgja ákveðinni áætlun í þessu efni.

Félagsmálaráðherra getur fyrir 1. júlí 1964 ákveðið kaup íbúðalánabréfa, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 4. gr., á síðari árshefningu 1964.